Borgarbyggð
Sigurður Páll Jónsson
Borgarbraut 11
310 Borgarnes

UST
Umhverfisstofnun

Umhverfisstofnun
Áb. ÓA GSJ
28 JAN. 2004
54.23
Tilv. UST200401001 80

27. janúar 2004
Tilvísun: UST20040100180/óá

**Deiliskipulag frístundahúss í landi Stramfjarðar, Borgarbyggð.**

Umhverfisstofnun hefur borist afrit af tillögu að deiliskipulagi frístundahúss í landi Straumfjarðar frá bæjarverkfræðingi Borgarbyggðar, dags. 7. janúar sl. Framangreind skipulagstillaga er innan svæðis á náttúruminjaskrá, *Hjörsey og Straumfjörður*. Því ber að leita umsagnar Umhverfisstofnunar í samræmi við 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Um svæðið segir í náttúruminjaskrá:

*Hjörsey og Straumfjörður, Álftaneshreppi, Borgarbyggð (áður Hraunhr.), Mýrasýslu. (1) Hjörsey, Hjörseyjarsandur og aðrar eyjar og sker milli Hjörseyjarsands og Straumfjarðar ásamt fjörum og grunnsævi. (2) Leirur, mýrlendi og sjávarfitjar með miklum gróðri og dýralífi. Mikilvægt svæði fyrir fuglalíf.*

Byggingin er staðsett í grennd við núverandi bæjarhús í Straumfirði og í fullnægjandi fjarlægð frá ströndinni. Að mati stofnunarinnar eru hvorki líkur á að framkvæmdinni muni fylgja rask, mengun eða ónæði sem rýrt geti verndargildi svæðisins né að staðsetning hennar skerði aðgengi meðfram ströndinni. Umhverfisstofnun gerir því ekki athugasemdir við skipulagstillöguna.

Virðingarfyllst,

Ólafur A. Árnason

Gunnar S. Jónsson

Afrit: Skipulagsstofnun